

Nefndasvið Alþingis
b.t. iðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10

Tilvísun vor: 98.11
Dags.: 14.04.2004

150 REYKJAVÍK


Með bréfi nefndarinnar frá 26. mars 2004 var Landsvirkjun sent til umsagnar frumvarp til laga um Landsnet hf., 737. mál. Svar fyrirtækisins fer hér á eftir.

Landsvirkjun er sammála því að stofnað verði flutningsfyrirtæki sem annist rekstur flutningskerfisins í samræmi við tillögur svonefndrar 19 manna nefndar sem lauk störfum nýverið. Þær athugasemdir sem Landsvirkjun vill koma á framfæri eru eftirfarandi:

Hlutverk Landsnets hf. og stjórnar þess verði að sjá til þess að verðmæti flutningsmannvirkja á 33 kV spennu og hærri verði metið með samræmdum hætti. Stjórn ráði ráðgjafa til að annast matið og ekki komi til ráðningar starfsmanna til fyrirtækisins á undirbúningsstiginu.

Landsvirkjun hefur alltaf bent á mikilvægi þess að flutningsfyrirtækið verði dótturfyrirtæki Landsvirkjunar og hluti af samstæðureikningi hennar. Þetta er mikilvægt vegna umfangsmikilla framkvæmda Landsvirkjunar á næstu árum. Rétt er að benda á að flutningskerfi Landsvirkjunar yrði um 80% af væntanlegu umfangi Landsnets hf. Flutningskerfi Landsvirkjunar var bókhalds- og stjórnunarlega aðskilið frá annari starfsemi Landsvirkjunar 1. júlí 2003 og hefur síðan annast rekstur flutningskerfisins og kerfisstjórn sbr. lög 65/2003.

Virðingarfyllst



Friðrik Sophusson
forstjóri